

Mannauðs- og jafnréttisstefna

Stefna Orkunnar er að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir hæfasta starfsfólkið hverju sinni. Mannauður fyrirtækisins er lykillinn að árangri þess og velgengni. Orkan stendur vörð um vellíðan, þekkingu og jafnrétti meðal starfsfólks.

Tilgangur og gildissvið

Mannauðs- og jafnréttisstefnu Orkunnar er ætlað að tryggja þau réttindi sem fram koma í II-III kafla laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Með jafnréttisstefnu vill fyrirtækið fara að lögum og sjá til þess að fyllsta jafnréttis sé gætt.

Stefnunni er ætlað að tryggja að starfsfólk verði metið á eigin forsendum og að allir starfsmenn eigi í reynd jafna möguleika til starfa og starfsþróunar og fái jöfn laun ef um er að ræða sömu ábyrgð, vinnuframlag, eðli starfs og verðmæti, hæfni, menntun, frammistöðu og reynslu. Þannig verði tryggt að mannauður fyrirtækisins nýtist sem best, starfsánægja og tryggð verði meiri sem skili sér í betri þjónustu og ánægðari viðskiptavinum.

Markmið stefnunnar er jafnframt að tryggja jöfn tækifæri alls starfsfólks og er hún jafnframt leiðarljós um starfshætti sem stuðla að jafnrétti. Þá er það einnig markmiðið að útrýma kynbundinni mismunun, sé hún til staðar. Virk jafnréttisstefna stuðlar að betri nýtingu á hæfileikum og þekkingu starfsfólks.

Mannauðs- og jafnréttisstefna Orkunnar

- Allt starfsfólk skal njóta sömu launakjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf, sbr. 6. gr. laga 150/2020.
- Við nýráðningar og tilfærslu í störfum er stefnt að jafnri kynjaskiptingu.
- Félagið býður starfsfólki sínu upp á markvissa nýliðabjálfun á öllum sviðum.
- Orkan leggur áherslu á að skapa starfsfólki jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, efla starfsfólk og stuðla að virkni og ánægju þess.
- Unnið er markvisst að heilsuvernd og heilsuefningu starfsfólks.
- Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni eða annað ofbeldi verður ekki liðið og hefur Orkan sett fram viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis.
- Framkvæmdar eru reglulegar kannanir varðandi líðan starfsmanna.

Með þetta að leiðarljósi sköpum við saman árangursríkan og góðan vinnustað.

Samþykkt af stjórn Orkunnar 27. febrúar 2025.